

Sp.

## 48. Tillaga til þingsályktunar

[44. mál]

um frestun framkvæmda við Grundartangaverksmiðjuna.

Flm.: Jónas Árnason, Lúðvík Jósepsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita áhrifum sínum til þess að frestað verði framkvæmdum við byggingu járnblendiverksmiðjunnar við Grundartanga í Hvalfirði.

### Greinargerð.

Að sjálfsögðu væri heppilegast fyrir íslensku þjóðina, að með öllu yrði hætt við að byggja járnblendiverksmiðju þá sem nú er undirbúin við Grundartanga í Hvalfirði. En það er ekki raunhæft að flytja tillögu um slíkt, því miður. Veldur því hvort tveggja, að íslensk stjórnvöld hafa bundist í samning um þessa verksmiðju, enda engar líkur til þess að á Alþingi fengist samþykkt að leggja mál þetta alveg fyrir róða. Því er í tillögunni aðeins kveðið á um frestun framkvæmda. Um það hlýtur að geta náðst samstaða á Alþingi, ef þingmenn gera sér ljósar þær alvarlegu staðreyndir verksmiðjumálsins sem þegar blasa við.

Hinar helstu þeirra staðreynda eru m. a. raktar í eftirfarandi ályktun frá kjördæmisráði Alþýðubandalagsins á Vesturlandi:

„Fundur í kjördæmisráði Alþýðubandalagsins á Vesturlandi, haldinn í Grundarfirði 1. nóvember 1975, minnir á það, að fyrir síðustu alþingiskosningar háðu frambjóðendur G-listans harða baráttu gegn áformunum um byggingu járnblendiverksmiðju við Grundartanga í Hvalfirði, en frambjóðendur annarra flokka kepptust um að lofsyngja þau áform. Fundurinn vekur athygli á því að þau vandræði, sem nú þegar hafa skapast vegna verksmiðjunnar, sanna það að talsmenn Alþýðubandalagsins höfðu á réttu að standa:

- a) Þó að verktakinn við Grundartanga hafi sýnt íslenskum verkalýð þvilíka ósvifni að algjört einsdæmi er í verkalýðssögu Íslands síðustu áratugina, hefur Málmblendifélagið, í umboði Union Carbide og íslensku ríkisstjórnarinnar, látið það gott heita.
- b) Við undirbúningsframkvæmdirnar einar hafa þegar orðið alvarlegar skemmdir á náttúrunni og röskun á mannlífi í grennd við Grundartanga.
- c) Þeir atvinnuvegir, sem standa undir efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar, sjávarútvegur og landbúnaður, hafa þegar beðið hnekkji af völdum þessara framkvæmda.

Og þó er þetta aðeins byrjunin.

Kjördæmisráðið væntir þess að íslendingar gefi rækilega gaum því að lántökur vegna verksmiðjunnar eiga drjúgan og vaxandi þátt í þeirri skuldasöfnun erlendis sem af hálfu stjórnvalda er notuð sem aðalafsökun fyrir því að rýra stórlega lífskjör almennings. Og sérstaklega ættu vestlendingar að gefa gaum að því, að á sama tíma og stjórnvöld hika ekki við að ráðstafa ótöldum þúsundum milljóna til járnblendiverksmiðjunnar er dregið svo úr framlögum til nauðsynlegustu framkvæmda á Vesturlandi að víða leiðir til algjörar stöðvunar. Má þar t. d. nefna hafnarbætur, vegabætur og framkvæmdir í skólamálum, — einnig það að vegna þessarar stefnu virðist tómmt mál að tala um byggingu þeirrar fiskimjölsverksmiðju sem er eitt brýnasta hagsmunamál snæfellinga, auk þess sem margt bendir til þess að samdráttarstefnan muni stórlega seinka framkvæmdum við brúargerð yfir Borgarfjörð.

Kjördæmisráðið fagnar því að nú er í ólíklegustu áttum farið að hóla á skilningi á eðli járnblendiverksmiðjumálsins. Til dæmis gerði kjördæmisráð Alþýðuflokksins á Vesturlandi ályktun á fundi sínum 12. okt. s. l. þar sem varað er við

Því „að skammsýn stjórnvöld láti önnur framfaramál kjördæmisins sitja á hak-  
anum vegna byggingar verksmiðjunnar“, og kveður þar nokkuð við annan tón en  
fyrir síðustu kosningar þegar frambjóðendur Alþýðuflokksins gengu manna harð-  
ast fram í því að sannfæra kjósendur um ágæti þess að fá þessa verksmiðju. Einnig  
má nefna viðleitni bæjarstjórans á Akranesi sem í viðtölum við fjölmiðla hefur  
reynt að hamla gegn því að mikilvægar atvinnugreinar á Akranesi verði fyrir  
skakkaföllum vegna umsvifanna á Grundartanga, og sætir þessi afstaða bæjarstjórans  
þeim mun meiri tíðindum sem sjálf bæjarstjórnin á Akranesi hefur tekið fulla  
ábyrgð á Grundartangaævintýrinu, sbr. ítrekaðar ályktanir sem hún hefur gert  
með atkvæðum allra þæjarfulltrúa að undanskildum fulltrúa Alþýðubandalagsins  
þess efnis að járnblendiverksmiðjan muni verða til mikilla hagsbóta fyrir Akranes.

Það alvarlegasta í þessu máli er þó það — að dómi kjördæmisráðsins — að  
ef áform núverandi stjórnvalda ná fram að ganga verður Grundartangaverksmiðjan  
aðeins upphafið að vaxandi ítökum erlendra auðhringa í atvinnulífi íslendinga, en  
sú þróun kynni á skömmum tíma að kollvarpa efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Það er því eindregin áskorun kjördæmisráðs Alþýðubandalagsins á Vesturlandi  
til allra góðra íslendinga, að þeir fylki sér til varnar þeim verðmætum íslenskrar  
náttúru og íslensks mannlífs sem ógnað er af þeim öflum sem nú eru að verki  
við Grundartanga í Hvalfirði.“

Nánar í framsögu.